

Lækjaborg c/o foreldraráð  
leikskóli Leirulæk  
105 Reykjavík

Alþingi

Erindi nr. B/131869  
komudagur 12/3 1991

Reykjavík 21. febrúar 1991

Háttvirtu þingflokksformaður.

Með tilvísan til frumvarps um leikskóla svo og frumvarps um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem einnig er að finna ákvæði er varða málefni leikskóla förum vér þess á leit að afstaða flokks yðar verði gerð ljós til eftirfarandi atriða:

1. Að sérhverju barni sé tryggður réttur til leiksólavistar frá því fæðingarorlofi lýkur og þar til skólaskylda hefst.
2. Hvort málefni leikskóla skuli heyra undir menntamála-ráðuneyti eða félagsmálaráðuneyti.

Í frumvarpi um leikskóla sem forskólanefndin samdi er skýrt kveðið á um rétt barns til leikskólavistar. (3.gr.) Í meðförum ríkisstjórnar hefur þessu ákvæði verið breytt verulega og í frumvarpi um leikskóla eins og það er lagt fyrir Alþingi er þetta ákvæði miklu óskýrara og vantar mikið á að réttur barns til leikskólavistar sé tryggður til fulls.

Að mati foreldraráðs foreldrafélags leiksskólans Lækjaborgar er leikskóli uppeldisleg stofnun en ekki geymsla fyrir börn og því skiptir miklu máli að tryggður sé jafn réttur allra barna til vistar. Því til stuðnings má benda á skýrslu Evrópuráðsins um þetta efni sem vitnað er til í Uppeldisáætlun, en þar segir að rökstuðningur fyrir forskólauppeldi sé „að það getur búið öllum börnum - án tillits til heimilisaðstæðna vandlega skipulagt og lærdómsríkt uppeldisumhverfi, þar sem færi gefst til örva skynhreyfifærni þeirra, vitþroska, félagsfærni og boðskiptahæfileika til hins ýtrasta.”

Í öðru lagi er atvinnuþátttaka kvenna meiri hérlendis en víðast annars staðar, enda nægja tekjur einnar fyrirvinnu í fæstum tilfellum til að framfleyta fjölskyldu. Því til viðbótar gera ákvæði skattalaga illt verra þar sem einungis 80% af persónuafslætti er yfirfæranlegur þegar annað foreldra starfar heima.

Í þriðja lagi má minna á fyrirheit ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsen í tengslum við kjarasamninga árið 1981. Þar segir að stefnt skuli að því að fullnægja þörf fyrir dagvistun og rétt um tíu ára áætlun í því sambandi. Eins og kunnugt er er langur vegur frá því að staðið hafi verið við það fyrirheit.

Svar óskast sem fyrst og ekki síðar en fyrir þingrof í vor. Fyrirvarinn er stuttur en í ljósi þess að málefnið er mjög mikilvægt að okkar mati og að málefni barna undir skólaskyldu-aldri hafa alltof lengi verið lätin reka á reiðanum vonum við að það verði virt okkur til betri vegar.

Með vinsemd og virðingu

Fyrir hönd foreldraráðs foreldrafélags Lækjaborgar

Sesselja Árnadóttir  
Sesselja Árnadóttir, formaður

Samrit sent foreldrasamtökunum í Reykjavík  
og foreldraráðum leikskóla í Reykjavík.